

Fjölmennt, símenntunar - og þekkingarmiðstöð

Ársreikningur

2024

Fjölmennt, símenntunar - og þekkingarmiðstöð ses.
Vínlandsleið 14
113 Reykjavík
kt. 671010-1670

Fjölmennt, símenntunar - og þekkingarmiðstöð

Ársreikningur

2024

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-11

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Fjölmenntar

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Fjölmenntar, símenntunar - og þekkingarmiðstöðar ses fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Fjölmennt í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og forstöðumanns á ársreikningnum

Stjórn og forstöðumaður eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og forstöðumaður eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og forstöðumaður ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Fjölmenntar. Ef við á, skulu stjórn og forstöðumaður setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og forstöðumaður hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Næganleg víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun sé framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Áritun óháðs endurskoðanda

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
 - Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
 - Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
 - Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
 - Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.
- Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 5. maí 2025

Deloitte ehf.

Hilmar A. Alfreðsson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Fjölmennar, símenntunar- og þekkingarmiðstöðvar ses. fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Starfsemi Fjölmennar, símenntunar- og þekkingarmiðstöðvar ses. miðar að því að auka menntun og lífsgæði fatlaðs fólks 20 ára og eldra. Fjölmennt býður upp á fjölbreytta menntun og ráðgjöf til einstaklinga sem ekki eiga kost á námi við almennar menntastofnanir.

Starfsemin á árinu og framtíðarhorfur	2024	2023
Rekstrartekjur félagsins námu.....	336.655.700	326.548.193
Rekstrarafgangur ársins.....	22.305.546	20.550.048
Fjöldi ársverka nam.....	16	16
	31.12.2024	31.12.2023
Eignir félagsins námu.....	72.254.335	62.724.487
Bókfært eigið fé nam.....	47.513.099	25.207.553
Eiginfjárlutfall félagsins nam.....	65,8%	40,2%

Rekstrarafgangur ársins 2024 nemur 22,3 milljónum króna. Áætlanir um hallalausan rekstur stóðust. Ástæður þess eru nokkrar. Undanfarin ár hefur rekstur Fjölmennar staðið tæpt og hefur því kennsla verið skorin niður á því tímabili. Nú þegar horfir til betri vegar er hins vegar stefnt að því að bæta aftur við til að auka þjónustu við þátttakendur Fjölmennar. Einnig kom í lok árs styrkur frá ÖBÍ réttindasamtökum uppá níu milljónir króna.

Tillaga til aðalfundar

Stjórn félagsins leggur til að afkoma ársins verði yfirfært til næsta árs, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Það er álit stjórnar og forstöðumanns Fjölmennar að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu stofnunarinnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og forstöðumaður Fjölmennar staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík, 5. maí 2025

Í stjórn

Stjórnarformaður

Forstöðumaður

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Námskeiðsgjöld		12.673.100	12.043.502
Greiðslur úr ríkissjóði		298.700.000	300.500.004
Aðrar tekjur		25.282.600	14.004.687
		<u>336.655.700</u>	<u>326.548.193</u>
Laun og launatengd gjöld	3	192.872.681	196.693.664
Húsnæðiskostnaður	12	39.089.477	34.075.010
Kostnaður vegna kennslu	13	71.390.161	66.048.693
Annar rekstrarkostnaður	14	14.082.254	8.794.528
Afskriftir fastafjármuna	6	0	1.694.657
		<u>317.434.573</u>	<u>307.306.552</u>
Rekstrarafgangur fyrir fjármagnsliði		19.221.127	19.241.641
Fjármunatekjur	4	4.275.967	1.665.289
Fjármagnsgjöld	5	(1.191.548)	(356.882)
Rekstrarafgangur ársins		<u><u>22.305.546</u></u>	<u><u>20.550.048</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	6	347.645	640.586
Aðrar skammtímakröfur	6	0	929.000
Bankainnistæður		71.906.690	61.154.901
		<u>72.254.335</u>	<u>62.724.487</u>
Eignir		<u>72.254.335</u>	<u>62.724.487</u>
Eigið fé og skuldir	7		
Stofnfé		1.000.000	1.000.000
Óráðstafað eigið fé		46.513.099	24.207.553
Eigið fé		<u>47.513.099</u>	<u>25.207.553</u>
Skammtímaskuldir			
Lánardrotnar		4.389.534	1.520.263
Aðrar skammtímaskuldir	8	20.351.702	35.996.671
Skuldir		<u>24.741.236</u>	<u>37.516.934</u>
Eigið fé og skuldir		<u>72.254.335</u>	<u>62.724.487</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		19.221.127	19.241.641
Afskriftir		0	1.694.657
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		19.221.127	20.936.298
Rekstrartengdar eignir, lækkun		1.221.941	6.091.320
Rekstrartengdar skuldir (lækkun), hækkun		(12.775.698)	28.611.837
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		7.667.370	55.639.455
Innborgaðir vextir	4	4.058.303	1.665.289
Greiddur fjármagnstekjuskattur	5	(973.884)	(356.882)
Handbært fé frá rekstri		10.751.789	56.947.862
Hækkun handbærs fjár		10.751.789	56.947.862
Handbært fé í upphafi árs		61.154.901	4.207.039
Handbært fé í lok árs		71.906.690	61.154.901

Skýringar

1. Starfsemi

Starfsemi Fjölmennar, símenntunar- og þekkingarmiðstöðvar ses. miðar að því að auka menntun og lífsgæði fatlaðs fólks 20 ára og eldra. Fjölmennar býður upp á fjölbreytta menntun og ráðgjöf til einstaklinga sem ekki eiga kost á námi við almennar menntastofnanir.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Fjölmennar, símenntunar- og þekkingarmiðstöðvar ses. fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Skráning tekna

Námskeiðstekjur eru skráðar og innheimtar þegar skráningu nemenda er lokið og námskeið eru hafin. Aðrar tekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í nothæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

Skýringar

3. Laun og launatengd gjöld

	2024	2023
Laun	151.922.904	154.888.200
Bífreiddastyrkir	841.535	820.512
Lífeyrissjóður	21.450.733	22.413.875
Tryggingargjald	11.703.121	12.006.275
Stéttarfélagsgjöld	4.110.704	4.295.933
Annar starfsmannakostnaður	2.236.396	2.185.269
	<u>192.872.681</u>	<u>196.693.664</u>
Stöðugildi að meðaltali	16,3	16,1

4. Fjármunatekjur

	2024	2023
Vaxtatekjur	4.275.967	1.622.175
Gengishagnaður	0	43.114
	<u>4.275.967</u>	<u>1.665.289</u>

5. Fjármagnsgjöld

	2024	2023
Gengistap	(216.976)	0
Fjármagnstekjuskattur	(973.884)	(356.882)
	<u>(1.191.548)</u>	<u>(356.882)</u>

Skýringar

6. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	31.12.2024	31.12.2023
Viðskiptakröfur	347.645	640.586
	347.645	640.586

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2024	31.12.2023
Áunnar óinnheimtar tekjur	0	929.000
	0	929.000

7. Eigið fé

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé Samtals
Eigið fé 1.1.2024	1.000.000	24.207.553	25.207.553
Afkoma ársins		22.305.546	22.305.546
Eigið fé 31.12.2024	1.000.000	46.513.099	47.513.099

8. Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2024	31.12.2023
Fyrirframinnheimtar tekjur	10.787.000	28.791.667
Ógreidd launatengd gjöld	8.741.072	7.175.184
Aðrar skammtímaskuldir	64.006	29.820
Ógreidd laun	759.624	0
	20.351.702	35.996.671

9. Leiguskuldbinding

Félagið hefur gert rekstrarleigusamninga um leigu á fasteign að Vínlandsleið 14, 113 Reykjavík sem ekki er færður í efnahagsreikning. Félagið nýtir sér heimild í reglugerð reikningsskilaráðs nr. 6 um að halda reikningsskilaaðferðum fyrir rekstrarleigusamninga óbreyttum.

Leigusamningurinn rennur út í lok september 2025 og er uppsegjanlegur með 1 árs fyrirvara. Stjórnendur hafa hafið samtal um framlengingu á leiguhúsnaðinu. Gjaldfærðar leigugreiðslur námu 29 milljónum króna á árinu (2023: 27,3 milljónir). Taflan hér að neðan sýnir greiningu á lágmarksleigugreiðslum samkvæmt samningum þar sem félagið eru leigutaki. Upphæðir eru ekki núvirtar.

	31.12.2024
Innan árs	21.803.634

10. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 5. maí 2025

Sundurliðanir

	2024	2023
11. Laun og launatengd gjöld		
Vinnulaun	151.922.904	154.888.200
Bifreiðastyrkir	841.535	820.512
Dagpeningar	607.288	83.600
Tryggingagjald	11.703.121	12.006.275
Lífeyrissjóður	21.450.733	22.413.875
Stéttarfélagsgjöld	4.110.704	4.295.933
Annar starfsmannakostnaður	2.236.396	2.185.269
	<u>192.872.681</u>	<u>196.693.664</u>
12. Húsnæðiskostnaður		
Húsaleiga	29.045.375	27.284.739
Rafmagn og hiti	361.064	870.559
Viðhald húsnæðis	1.977.194	177.489
Öryggisþjónusta	489.085	403.669
Ræsting og hreinlætisvörur	4.374.065	3.572.842
Vátryggingar	225.277	209.904
Hússjóður og rekstur sameignar	2.617.417	1.555.808
	<u>39.089.477</u>	<u>34.075.010</u>
13. Kostnaður vegna kennslu		
Kennslugögn	9.352.907	8.311.870
Samningar við menntastofnanir	51.722.800	53.690.216
Annar kostnaður vegna kennslu	10.314.454	4.046.607
	<u>71.390.161</u>	<u>66.048.693</u>
14. Annar rekstrarkostnaður		
Rekstur upplýsingakerfis	4.840.952	4.439.453
Sími	732.031	781.853
Burðargjöld	555.889	615.590
Pappír, prentun og ritföng	383.748	408.027
Bækur, blöð og áskrift	0	6.600
Önnur aðkeypt þjónusta	3.921.376	1.366.370
Gjafir og styrkir	20.000	0
Gjaldfærð áhöld, tæki og búnaður	229.019	521.293
Viðhald áhalda og tækja	0	28.431
Ferðakostnaður	340.771	13.700
Fundur og ráðstefnur	2.489.662	128.054
Annar kostnaður	425.179	322.849
Þjónustugjöld banka	143.627	162.308
	<u>14.082.254</u>	<u>8.794.528</u>